

## Rýnihópur barna og unglunga í félagsmiðstöð- viðtalsrammi

### Kafli 1 – Stjórnun

1. Getið þið sagt okkur aðeins frá félagsmiðstöðinni ykkar?
2. Hittið þið forstöðumanninn/forstöðumennina oft? Hvernig finnst ykkur hann/hún/þau?
3. Getið þið komið skoðunum ykkar á framfæri og haft áhrif á starfið í félagsmiðstöðinni? Ef já hvernig? Er stundum leitað sérstaklega eftir ykkar sjónarmiðum?

### Kafli 2 – Frístundastarf félagsmiðstöðvar

1. Hvernig fáið þið upplýsingar um dagskrána í félagsmiðstöðvarinnar? (s.s. tölvupóstur, samfélagsmiðlar, kynningarfundir) Fáið þið þær upplýsingar sem þið þurfið?
2. Hvað finnst ykkur um þau verkefni/viðfangsefni sem þið eruð að vinna? (fjölbreytt, áhugaverð, út frá þeirra styrkleikum)
3. Er unglingaráð? Hvernig er valið í það?
4. Eruð þið höfð með í ráðum þegar verið er að móta dagskrá og velja viðfangsefni?
5. Getið þið valið ykkur viðfangsefni í félagsmiðstöðinni? Er hægt að velja á milli viðfangsefna? Getið þið valið það sem þið hafið áhuga á eða eruð góð í?
6. Takið þið ábyrgð á einstaka verkefnum? Eruð þið hvött til þess að koma ykkar hugmyndum í framkvæmd og þá hvernig?
7. Hafið þið skipulagt og framkvæmt einhverja viðburði sjálf? Hvaða viðburði? (taka ábyrgð)
8. Hafið þið komið með hugmyndir að hópastarfi? Hvernig var því tekið?
9. Finnst ykkur þið getað mótað aðstöðuna (húsnæði) í félagsmiðstöðinni?
10. Fáið þið leiðbeiningar um hollustu og heilsu í félagsmiðstöðinni? Hvernig leiðbeiningar eru það? (útivera, hreyfing, mataræði, hreinlæti, tóbak og vímuefni)

### Kafli 3 – Mannauður

### Kafli 4 – Staðarbragur

11. Hvernig er andrúmsloftið/andinn hér?
12. Finnst ykkur allir hér vinna saman? (samvinna, samábyrgð)
13. Finnst ykkur að hlustað sé á það sem þið segið? (virðing, samkennd)
14. Er tekið tillit til ólíkra sjónarmiða?
15. Eruð þið hvött til að takast á við eitthvað nýtt? (takast á við áskoranir)
16. Hvernig líður ykkur þegar þið eruð hér? Finnið þið fyrir öryggi?
17. Munduð þið mæla með þessari félagsmiðstöð við aðra? (ánægja/óánægja)
18. Lítið þið á starfsfólkið sem góðar fyrirmyndir í samskiptum og heilbrigðu lífverni?
19. Er auðvelt að ræða við starfsfólkið um það sem þið eruð að hugsa?
20. Þekkið þið reglurnar? Hvernig eru þær búnar til? Fylgja allir reglunum?
21. Hvernig talar starfsfólkið við ykkur? Eruð þið hvött áfram og fáið þið hrós?
22. Er starfsfólkið góðar fyrirmyndir?
23. Hvað gerist ef einhverjir eru ósammála eða fara að rífast?
24. Hvað gerist ef einhver hegðar sér illa?
25. Vitið þið hvernig á að bregðast við ef eldur kemur upp?

### Kafli 5 – Innra mat og umbótastarf sl?

26. Vitið þið hvað innra mat er? Ef svo er takið þið þátt í því?
27. Hafið þið farið áður í svona rýnihóp áður?
28. Eruð þið spurð um hvernig þið viljið hafa starfið og hvort þið viljið breyta einhverju? Ef svo er hvenær og hvernig?
29. Svarið þið stundum könnunum um starfið í félagsmiðstöðinni?